

Veðskuldabréfasjóður ÍV hs.
Sérhæfður sjóður
Árshlutareikningur 30. júní 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um fjárfestingar	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuldabréfasjóður ÍV er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Rekstur sjóðsins er í höndum Íslenskra verðbréfa hf.

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðs ÍV - sérhæfðs sjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2025 að fjárhæð 78,9 millj. kr. Bókfært eigið fé sjóðsins í lok tímabilsins nam 1.810,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans miðað við 30. júní 2025 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. október 2025

Árshlutareikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu skjalsins.

Í stjórn Íslenskra verðbréfa hf.:

Andri Guðmundsson, stjórnarformaður
Kolbeinn Friðriksson, meðstjórnandi
Ragnheiður Þorkelsdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.:

Arnór Gunnarsson

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til eigenda hlutdeildarskrteina Veðskuldabréfasjóðs ÍV hs.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Veðskuldabréfasjóðs ÍV hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025 sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign og aðrar skýringar.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um árshlutareikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Reykjavík, 28. október 2025

KPMG

Matthías Þór Óskarsson

Matthías Þór Óskarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar til 30. júní 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarreikningur			
Tekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		184.207	205.162
Aðrar tekjur		2.924	7.567
Heildartekjur		187.130	212.729
Gjöld			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags		8.187	7.911
Vörsluþóknun		802	1.211
Aðrar þóknanir		0	4
Vaxtagjöld og verðbætur		100.415	118.816
Önnur gjöld og kostnaður		2.066	1.529
Heildargjöld		111.470	129.472
Gengisbreyting eigna, hagnaður (tap)		3.243	(9.299)
Hagnaður tímabils af rekstri		78.904	73.958
Yfirlit um breytingu á hreinni eign			
Hrein eign í ársbyrjun		1.731.227	1.586.759
Hagnaður ársins af rekstri		78.904	73.958
Hrein eign í árslok	3	1.810.131	1.660.717

Efnahagsreikningur 30. júní 2025

	Skýr.	30.06.2025	31.12.2024
Eignir			
Fjárfestingar			
Framseljanleg verðbréf		3.523.407	3.596.885
Hlutdeildarskírteini		198.902	191.220
Verðbréf samtals		<u>3.722.309</u>	<u>3.788.105</u>
Aðrar eignir			
Innlán hjá lánastofnunum		430.566	278.158
Aðrar eignir		24.671	13.585
Aðrar eignir samtals		<u>455.237</u>	<u>291.743</u>
Eignir samtals		<u><u>4.177.546</u></u>	<u><u>4.079.847</u></u>
Skuldir			
Útgefin skuldabréf	4	2.365.859	2.346.821
Skuld við rekstrarfélag		1.443	1.451
Skuld við vörslufyrirtæki		0	200
Aðrar skuldir		114	148
Skuldir samtals		<u><u>2.367.415</u></u>	<u><u>2.348.620</u></u>
Hrein eign	3	1.810.131	1.731.227
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		805.800	805.800
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabils		<u>2,25</u>	<u>2,15</u>

Yfirlit fjárfestinga 30. júní 2025

Veðskuldabréfasjóður ÍV	30.06.2025		31.12.2024	
	Bókfært-verð	%	Bókfært-verð	%
Óskráð skuldabréfaeign				
Útgefandi 1	523.796	12,5%	531.798	13,0%
Útgefandi 2	424.316	10,2%	420.652	10,3%
Útgefandi 3	419.202	10,0%	415.969	10,2%
Útgefandi 4	412.949	9,9%	408.582	10,0%
Útgefandi 5	315.085	7,5%	314.071	7,7%
Útgefandi 6	216.660	5,2%	217.989	5,3%
Útgefandi 7	133.496	3,2%	132.328	3,2%
Útgefandi 8	125.734	3,0%	126.025	3,1%
Útgefandi 9	114.895	2,8%	114.427	2,8%
Útgefandi 10	113.502	2,7%	114.006	2,8%
Útgefandi 11	113.181	2,7%	95.571	2,3%
Útgefandi 12	106.131	2,5%	105.082	2,6%
Útgefandi 13	100.529	2,4%	100.002	2,5%
Útgefandi 14	75.161	1,8%	75.335	1,8%
Útgefandi 15	58.734	1,4%	58.603	1,4%
Útgefandi 16	53.656	1,3%	53.792	1,3%
Útgefandi 17	53.494	1,3%	53.321	1,3%
Útgefandi 18	30.292	0,7%	29.905	0,7%
Útgefandi 19	29.347	0,7%	29.294	0,7%
Útgefandi 20	27.927	0,7%	28.055	0,7%
Útgefandi 21	25.703	0,6%	25.406	0,6%
Útgefandi 22	20.802	0,5%	20.768	0,5%
Útgefandi 23	17.264	0,4%	17.180	0,4%
Útgefandi 24	11.549	0,3%	11.497	0,3%
Útgefandi 25	0	0,0%	97.227	2,4%
Framseljanleg verðbréf, samtals	3.523.407	84,3%	3.596.885	88,2%
Hlutdeildarskírteini				
ÍV Skammtímasjóður	198.902	4,8%	191.220	4,7%
	198.902	4,8%	191.220	4,7%
Heildarverðmæti verðbréfa	3.722.309	89,1%	3.788.105	92,8%
Reiðufé	430.566	10,3%	278.158	6,8%
Aðrar eignir	24.671	0,6%	13.585	0,3%
Heildareignir	4.177.546	100,0%	4.079.847	100,0%

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá eru talin hlutdeildarskírteini sem færð eru á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Sjóðurinn er rekinn af Íslenskum verðbréfum hf.

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki í samræmi við lög um ársreikninga ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlí 2025. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

c. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Íslenskum verðbréfum hf. 0,4% umsýsluþóknun sem innifelur meðal annars laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu við rekstur sjóðsins. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af heildareignum sjóðsins.

Sjóðurinn greiðir auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu.

d. Fjárfestingar

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eru metin á útgefnu kaupgengi sem gildi í lok júní 2025.

e. Framseljanleg verðbréf - verðtryggð skuldabréf með veði í fasteign

Sjóðurinn fjárfestir í verðtryggðum skuldabréfum með veði í fasteignum. Í bókhaldi sjóðsins eru veðskuldabréfin uppreiknuð miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

f. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

g. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinunum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skýringar frh.:

3. Hlutdeildarskírteini

Nafn- og raunávöxtun Veðskuldabréfasjóðs ÍV í lok tímabilsins 1. janúar - 30. júní 2025.

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Árið 2024
Nafnávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	2,05%	4,49%	10,98%	9,38%
Raunávöxtun				
Veðskuldabréfasjóður ÍV	0,52%	1,88%	6,94%	4,40%
Yfirlit um bókfært verðmæti		30.06.2025	31.12.2024	31.12.2023
Veðskuldabréfasjóður ÍV		1.810.131	1.731.227	1.586.759
Yfirlit um gengi hlutdeildarskírteina.				
Veðskuldabréfasjóður ÍV		2,25	2,15	2,15
Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.				

	Eign 30.06.2025 %	Eign 31.12.2024 %	Breyting
Veðskuldabréfasjóður ÍV			
Skuldabréf stór Reykjavíkursvæði	65	66	-1
Skuldabréf utan stór Reykjavíkursvæði	20	22	-2
Einstakur útgefandi	13	13	0
Einstök útgáfa	13	13	0
Reiðufé og lausafjársgjöldir	15	7	8

Sundurliðun fjárfestinga sjóðs og hlutfallsleg skipting

Veðskuldabréfasjóður ÍV	kr.	%
Framseljanleg skuldabréf.....	3.523.407	84
Hlutdeildarskírteini	198.902	5
Reiðufé	430.566	10
Aðrar eignir	24.671	1
Heildareignir	4.177.546	100

4. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur meðal annars út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum. Gjaldldagi höfuðstóls bréfanna er 1. maí 2044.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

	Bókfært verð 30.06.2025	Bókfært verð 31.12.2024
Verðtryggð lán	2.365.859	2.346.821

5. Fjárfestingartímabil sjóðsins

Fjárfestingartímabili sjóðsins lauk þann 26. febrúar 2017. Eins og reglur sjóðsins tilgreina hafa ekki verið teknar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar eftir það.